

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sandgerði, 15. nóvember 2018

Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um tillögu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um frumvarp til laga um landgræðslu, 232. mál.

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis dags. 1. nóvember sl. þar sem náttúrustofum er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til frumvarps til laga um landgræðslu.

Samtök náttúrustofa fagna nýju frumvarpi um landgræðslu en vilja koma eftirfarandi á framfæri:

- Að gengið sé út frá því sem meginreglu að ekki séu notaðar framandi ágengar tegundir við landgræðslu.
- Mikilvægi þess að sett séu í reglugerð skýr viðmið um hvað geti talist sjálfbær landnýting svo koma megi í veg fyrir nýtingu lands í slæmu ástandi.
- Að skipulag landgræðslu miði að vistheimt, með áherslu á endurheimt birkiskóga á landgræðslusvæðum.
- Ábyrgð framkvæmdaraðila varðandi röskun vistkerfa verði skýrari. Lagt er til að 2. mgr. 13. gr. verði breytt og hún orðist svo: „*Raski framkvæmdir vistkerfum sem teljast mikilvæg fyrir gróður- og jarðvegsvernd skal framkvæmdaraðili ráðast í mótvægisáðgerðir til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið, með hliðsjón af markmiðum laga þessara, svo sem með endurheimt sambærilegra vistkerfa. Mótvægisáðgerðir skulu hefjast eigi síðar en tveimur árum eftir að rask á sér stað. Að öðrum kosti skuli endurheimt raskaðs vistkerfis gerð á kostnað framkvæmdaraðila.*“

Virðingarfyllt, f.h. Samtaka náttúrustofa

Sindri Gíslason

Sindri Gíslason, formaður SNS
